

AUGLÝSING
um (2.) breytingu á auglýsingu nr. 360/2020,
um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. auglýsingarinnar:

- a. Fyrsti másl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Húsnæði líkamsræktarstöðva skal vera lokað almenningi.
- b. Annar másl. 2. mgr. fellur brott.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Sund- og baðstöðum er heimilt að hafa opið. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun má gestafjöldi á sund- og baðstöðum aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2015 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda. Eldri börn skal telja með þrátt fyrir ákvæði 8. gr. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um nálægðatakmörk gildir ekki á sundlaugasvæði en taka skal mið af því og koma til móts við viðkvæma hópa eins og kostur er. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um sund- og baðstaði vegna COVID-19. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi 18. maí 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 14. maí 2020.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.